

Ár 2017, mánudaginn 9. október 2017, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Sigurði Guðmundssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 5/2017:

Knattspyrnudeild Fylkis
gegn
Knattspyrnudeild Víkings R.

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Fylkis kt. 571083-0199
Fylkisvegi 6
110 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Hörður Guðjónsson

Kærði:

Knattspyrnudeild Víkings kt. 420787-1469
Traðalandi 1
108 Reykjavík
Fyrirsvarsmaður: Haraldur Haraldsson

Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 28. september sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 5. október. Kærði svaraði með óformlegum tölvupósti dags. 5. október sl.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks Víkings gegn Fylki í bikarkeppni 2. flokks karla 26. september 2017 verði breytt og Fylki dæmdur 3-0 sigur.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Víkings gegn Fylki:

Sigfús Kjalar Árnason (nr. 3 á leikskýrslu) leikmaður Víkings var dæmdur í eins leiks bann í bikarkeppni 2. flokks á fundi aganefndar KSÍ 15. ágúst 2017 og átti því að taka út bannið í umræddum leik 26. september 2017. Hann aftur á móti lék með Víkingi í leiknum á móti Fylki 26. september 2017 og þess vegna var lið Víkings ólöglega skipað.

Tölvupóstur barst frá fyrirsvarsmanni kærða Haraldi Haraldssyni þess efnis að Víkingur muni ekki aðhafast í þessu máli, þar sem mannleg mistök voru gerð. Langur tími leið frá úrskurði að úrslitaleik og margir leikir í Íslandsmóti í millitíðinni. Aðskilnaður leikbanna í bikar og deild býður þessari hættu heim.

IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag Víkingur hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Fylki þann 26. september 2017.

Eins og fram kemur í greinargerð hins kærða félags er fallist á það að umræddur leikmaður hafi ekki mátt taka þátt í leiknum en gert það vegna mistaka.

Með vísan til ofanritaðs er því fallist á dómkröfur kæranda, Fylkis, í máli þessu og í samræmi við ákvæði í grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er úrslitum í leik Víkings og Fylkis sem fram fór í Bikarkeppni 2. flokks karla breytt og Fylki úrskurðaður sigur með markatölunni 0-3.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Úrslitum í leik Víkings gegn Fylki í leik liðanna sem fram fór 26. september 2017 í Bikarkeppni 2. flokks karla, er breytt og Fylki úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum. Kærði, Víkingur, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Sigurður Guðmundsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]